

Sumar 2008



ORLOFSBLAÐ EFLINGAR-STÉTTARFÉLAGS




Bls. 14



Tjaldvagnar - Breyting

Bls. 30



Kanada

Bls. 32



Gistimiðar

***Geymið
blaðið!***



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

→ flugfelag.is

Njóttu dagsins - taktu flugið



Aðeins nokkur skref á Netinu og þú ferð á loft

Það getur ekki verið auðveldara.
Þú bókar flugið á flugfelag.is þar sem
þú finnur ódýrustu fargjöldin og að
auki frábær tilboð.

**Njóttu dagsins, taktu flugið
og smelltu þér á flugfelag.is**



Orlofstíminn í augsýn -

Taktu til við að panta!

Ágætu Eflingarfélagar!

Enn á ný berst ykkur í hendur orlofsblað Eflingar þar sem ykkur eru kynntir þeir möguleikar sem í boði eru varðandi orlofskosti sumarsins 2008.

Flest er með hefðbundnu sniði í ár, það er dvöl í orlofshúsum félagsins en einnig eru hér kynntar þær ferðir sem til boða standa félagsmönnum innanlands og utan. Auk þessa er um að ræða nýjung varðandi gístimöguleika innanlands.

Þá eru íbúðirnar þrjár í Kaupmannahöfn kynntar alveg sérstaklega í myndum og máli þar sem mjög oft er spurt um aðstöðu í þeim.

Segja má að í allan vetur hafi starfsmenn orlofssviðs Eflingar unnið markvisst að því að undirbúa orlofshúsin fyrir sumardvöl félagsmanna. Sífelld er verið að gera endurbætur og breytingar og ekki síst að bæta alla aðstöðu í húsum og á orlofssvæðunum.

Þó aðaláherslan hjá orlofssjóði hafi frá

upphafi verið á sumarhús innanlands og rekstur þeirra er nú svo komið að sífelld aukast kröfur um fjölbreyttari möguleika bæði innanlands og erlendis. Af því hefur leitt að nú standa þrjár glæsilegar íbúðir í Kaupmannahöfn félagsmönnum til boða og má segja að þær séu nú langvinsælasti kosturinn sem

**Fyrirkomulag úthlutunar
og annað koma skýrt
fram í þessu blaði og því
mikilvægt að geyma það
og hafa við höndina**

upp á er boðið bæði sumar og vetur. Það hefur aftur leitt til þess að orlofssjóður hefur verið að skoða af alvöru varanlega möguleika í Kaupmannahöfn, til dæmis hvort raunhæft sé að eiga sjálf og reka þar íbúð.

Rétt er í inngangi þessum að minna á þær ferðir sem boðið er upp á í sumar.

Þær þykja og hafa þótt sérlega glæsilegar undanfarin ár og má segja að félagsmönnum gefist með þeim fágætt tækifæri að ferðast um framandi slóðir á mjög sanngjörnu verði og við bestu aðstæður. Enda er það svo að mikil ásókn er jafnan í þessar ferðir og biðraðir hér á skrifstofu þá daga sem innritun hefst. Minnt er á að fyrirkomulagið er „fyrstur kemur – fyrstur fær“ svo nauðsynlegt er að fylgjast vel með dagsetningum þegar skráning hefst. Á þetta við bæði um ferðir innan- og utanlands.

Um leið og orlofsnefnd Eflingar sendir félagsmönnum óskir um ánægjulegt sumar þá hvetjum við til þess að sem flestir sækji um og fái tækifæri til að nýta og njóta þess sem boðið er upp á. Til þess er leikurinn auðvitað gerður!

Að lokum minnum við á að allar upplýsingar sem máli skipta varðandi orlofshúsin, ferðirnar, fyrirkomulag úthlutunar og annað koma skýrt fram í þessu blaði og því mikilvægt að geyma það og hafa við höndina.





Skarð - Svignaskarði - stórt hús

Leigutími: Allt árið

20 km norðan við Borgarnes á hægri hönd



Fjöldi húsa	1	stærð í fm	160
svfnherbergi	5	svfnloft	nei
auka dýnur	2	svfnpláss	12
sængur	12	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	gasgrill	já
útlarp	já	sjónvarp	já
þvottavél/þurrkari	já	heitur pottur	já
uppvottavél	já	verð	26.000

Komutími: föstudaga kl. 16.00-22.00, lyklar í Þjónustumiðstöð Svignaskarðs. Brottför: síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

Upplýsingar, ýmis kort og fleira er hægt að fá í Þjónustumiðstöð Svignaskarðs.

Svignaskarð - stór hús

Leigutími: Allt árið

20 km norðan við Borgarnes



Fjöldi húsa	6	stærð í fm	57
svfnherbergi	3	svfnloft	nei
auka dýnur	nei	svfnpláss	8
sængur	8	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	gasgrill	já
útlarp	já	sjónvarp	já
heitur pottur	já	verð	18.000

Komutími: föstudaga kl. 16.00-22.00, lyklar í Þjónustumiðstöð Svignaskarðs. Brottför: síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

Upplýsingar, ýmis kort og fleira er hægt að fá í Þjónustumiðstöð Svignaskarðs.

Brakandi og stökkar Pågens-bruður

-trefjarík hollustufæða úr
úrvalshráefnum náttúrunnar.



*Fínar og grófar,
ómissandi á morgunverðarborðið.*

-prófaðu þessar grófu sykurlausu

Svignaskarð - minni hús

Leigutími: Allt árið

20 km norðan við Borgarnes



Fjöldi húsa	6	stærð í fm	45
svfnherbergi	2	svfnloft	nei
auka dýnur	nei	svfnpláss	5
sængur	5	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	gasgrill	já
útvarp	já	sjónvarp	já
heitur pottur	já	verð	16.000


Komutími: föstudaga kl. 16.00-22.00,
lyklar í Þjónustumiðstöð Svignaskarðs.
Brottför: síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

Upplýsingar, ýmis kort og fleira
er hægt að fá í Þjónustumiðstöð
Svignaskarðs.

Svignaskarð 17 - stærra hús

Leigutími: Allt árið

20 km norðan við Borgarnes



Fjöldi húsa	1	stærð í fm	80
svfnherbergi	3	svfnloft	nei
auka dýnur	nei	svfnpláss	8
sængur	8	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	gasgrill	já
útvarp	já	sjónvarp	já
heitur pottur	já	verð	21.000
upphvottavél	já		

Komutími: föstudaga kl. 16.00-22.00,
lyklar í Þjónustumiðstöð Svignaskarðs.
Brottför: síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

Upplýsingar, ýmis kort og fleira
er hægt að fá í Þjónustumiðstöð
Svignaskarðs.

Hvammur í Skorradal

Leigutími: Allt árið



Fjöldi húsa	1	stærð í fm	160
svefnherbergi	6	svefnloft	nei
auka dýnur	4	svefnpláss	13
sængur	10	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	gasgrill	já
útvarp	já	sjónvarp	já
heitur pottur	nei	verð	26.000

Komutími: föstudaga eftir kl. 16. Lyklar eru afhentir á skrifstofu Eflingar - stéttarfélags, Sætúni 1 kl. 8.30 - 15.00. Brottför: Síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

Næsta sundlaug er Hreppslaug, um 7 km. Veðiðileyfi fylgir í Skorradalssvatni.

Húsafell

Leigutími: Allt árið



Fjöldi húsa	3	stærð í fm	50
svefnherbergi	2	svefnloft	nei
auka dýnur	nei	svefnpláss	6
sængur	6	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	gasgrill	já
útvarp	já	sjónvarp	já
heitur pottur	já	verð	18.000

Komutími: föstudaga kl. 16.00, lyklanúmer er á samningi fyrir lyklahús. Brottför: síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

Sundlaug, golfvöllur og verslun er á staðnum. Skemmtilegar gönguleiðir í nágrenninu.

Í Stórarjóri 7 og 17 er uppvottavél. Í Kiðárbotnum er ekki uppvottavél.

Flókalundur í Vatnsfirði

Leigutími: Sumarleiga



Fjöldi húsa	2	stærð í fm	50
svefnherbergi	2	svefnloft	nei
auka dýnur	nei	svefnpláss	6
sængur	6	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	kolagrill	já
útvarp	já	sjónvarp	já
sundlaug	já	verð	16.000

Komutími: föstudaga, lyklar eru afhentir hjá umsjónarmanni á staðnum milli kl. 14.00 - 22.00. Brottför: síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

Næsta verslun er á Patreksfirði ca. 60 km. Esso verslun er hjá hótelineu með helstu nauðsynjavörum. Sundlaug er á staðnum.

Íbúðir á Akureyri

Leigutími: Allt árið



Fjöldi íbúða	6	stærð í fm	50-75
svefnherbergi	2	svefnloft	nei
auka dýnur	3	svefnpláss	5-7
sængur	5-7	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	gasgrill	já
útvarp	já	sjónvarp	já
heitur pottur	nei	verð	18.000

Komutími: föstudaga, lyklar eru afhentir hjá Securitas, Tryggvabraut 10 eftir kl. 16.00. Brottför: Síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

Fjöldi verslana og annarrar þjónustu auk sundlaugar í göngufæri.

Illugastaðir - Fnjóskadal

Leigutími: Allt árið

Vetrarleiga: bein leiga hjá umsýjarnum s: 462 6199

50 km austan við Akureyri



Fjöldi húsa	2	stærð í fm	50
svfnherbergi	2	svfnloft	nei
auka dýnur	nei	svfnpláss	8
sængur	8	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	gasgrill	já
útvarp	já	sjónvarp	já
heitur pottur	já	verð	18.000

Komutími: föstudaga, lyklar eru afhentir í þjónustumiðstöð frá kl. 17.00 - 21.00. Brottför: Síðasta lagi kl. 15.00 föstudag.

Sundlaug og verslun er á staðnum.

Öxarfjörður - Dranghólaskógur

Leigutími: Sumarleiga



Fjöldi húsa	1	stærð í fm	46
svfnherbergi	3	svfnloft	nei
auka dýnur	2	svfnpláss	8
sængur	8	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	gasgrill	já
útvarp	já	sjónvarp	já
sundlaug	já	verð	16.000

Komutími: föstudaga, lyklar afhentir í versluninni Ásbyrgi frá kl. 16.00 til 22.00. Brottför: Síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

Ferðapjónusta og sundlaug í Lunda-skóla í nágrenninu. U.þ.b. 10 km í Ásbyrgi, 35 km til Kópaskers og 65 km til Húsavíkur.

Einarsstaðir

11 km frá Egilsstöðum



Leigutími: Sumarleiga

Vetrarleiga: Afl Starfsgreinafélag Austurlands



Fjöldi húsa	3	stærð í fm	50
svefnherbergi	3	svefnloft	nei
auka dýnur	nei	svefnpláss	8
sængur	8	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	gasgrill	já
útvarp	já	sjónvarp	já
heitur pottur	nei	verð	16.000

Komutími: föstudaga kl. 16.00, lyklanúmer er á samningi fyrir lyklahús.
Brottför: Síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

Einarsstaðir á Völlum eru í miðju Fljótsdalshéraði u.þ.b. 11 km frá Egilsstöðum.
Sundlaug og verslun er á Egilsstöðum.

Kirkjubæjarklaustur

Leigutími: Allt árið



Fjöldi húsa	3	stærð í fm	67 og 55
sængur	8	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	gasgrill	já
útvarp	já	sjónvarp	já
heitur pottur	nei	verð	16.000
Svefnpláss	8		

Komutími: föstudaga eftir kl. 16 (lyklanúmer er á samningi fyrir lyklahús)
Brottför: síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

Verslun og sundlaug eru á Klaustri.

Lynghöll: 2 herbergi + svefnloft. Hraun og Hæðargarðavatn: 3 herbergi

Flúðir Ásabyggð

Leigutími: Allt árið



Fjöldi húsa	1	stærð í fm	56
svefnherbergi	2	svefnloft	já
auka dýnur	4	svefnpláss	8
sængur	8	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	gasgrill	já
útvarp	já	sjónvarp	já
heitur pottur	já	verð	18.000

Komutími: föstudaga eftir kl. 16.
(lyklanúmer er á samningi fyrir lyklahús).
Brottför: síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

Verslun og sundlaug á Flúðum.

Úthlíð

Leigutími: Allt árið



Fjöldi húsa	3	stærð í fm	60
svefnherbergi	2	svefnloft	já
auka dýnur	4	svefnpláss	8
sængur	8	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	gasgrill	já
útvarp	já	sjónvarp	já
heitur pottur	já	verð	18.000

Komutími: föstudaga eftir kl. 16, lyklar afhentir og skilað á skrifstofu Eflingar - stéttarfélags, Sætúni 1 milli kl. 8.30 - 15.00. Brottför: síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

Sundlaug, golfvöllur og verslun með nauðsynjavörum á staðnum.

Ölfusborgir

Leigutími: Sumarleiga

Vetrarleiga í þjónustumiðstöð s: 483-4260



Fjöldi húsa	9	stærð í fm	47
svefnherbergi	3	svefnloft	nei
auka dýnur	nei	svefnpláss	6
sængur	6	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	gasgrill	já
útvarp	já	sjónvarp	já
heitur pottur	já	verð	18.000

Komutími: föstudaga, lyklar eru afhentir í þjónustumiðstöð frá kl. 15.00 - 20.30.
Brottför: síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.

Verslanir og öll þjónusta er í Hveragerði. Einnig sundlaug og golfvöllur.

Tjaldvagnar Nýtt - Nýtt!

Engin umsókn



Athugið að

Alla umsjón með vögnunum hefur Fasteignaleigan Smiðjuvegi 6 Kópavogi, sími 517-2222

- Leigutaki ber fulla ábyrgð á vögnunum á leigutímanum.
- Leigutaki sér sjálfur um að fylla á gaskút, komið við á sólustöðum og látið kanna kútana.
- Kynnið ykkur vel meðferð og tengingar á gastækjunum, aldrei er of varlega farið.

Sumarið 2008 verður Efling stéttarfélag ekki með tjaldvagna til útleigu.

Félagsmenn geta engu að síður leigt beint hjá Fasteignaleigunni, Smiðjuvegi 6, Kópavogi, sími 517 2222/868 9039 og fengið endurgreitt á skrifstofu Eflingar kr. 7.000,- gegn framvísun greiðslukvittunar.

Tjaldvagnarnir eru leigðir á nafn og bílnúmer og því ekki hægt að lána þá öðrum.

Allar upplýsingar varðandi tjaldvagnana eru í síma 517 2222


Athugið að

Ekki þarf að sækja um til félagsins

Athugið að

Vertu tímanlega fyrstur pantar-fyrstur fær

☆ ... eru betri
en aðrar



Kaupmannahöfn - 3 leiguíbúðir

Leigutími: Allt árið



Hans Hedtoftsgade 5, 4. hæð til hægri. Með lyftu



Ravnsborggade 14, 1. hæð til vinstri. Ekki lyfta




Johan Semp's Gade 7, 1. hæð til vinstri. Með lyftu

Íbúðirnar eru vel búnar, tvö rúmgöð svefnherbergi auk svefnsofa í stofu og 2 aukadýnur nema í Hans Hedtoftsgade. Íbúðirnar eru í fjölbýlishúsum. Baðherbergi með sturtu, þvottavél og þurrkari í öllum íbúðum og uppþvottavél í eldhúsi. Í íbúðunum er lín og handklæði fyrir allt að 6 manns. Gestir skilja við íbúðina eins og þeir taka við henni, allir hlutir frágengnir á sínum stað og þrifið.

svefnherbergi	2	þurrkari	já
auka rúm	já	svefnpláss	6-8
sængur	6-8	barnarúm	já
barnastóll	já	örbylgjuofn	já
bakaraofn	já	útvarp	já
sjónvarp	já	uppþvottavél	já
þvottavél	já	verð	42.000

Umsjónarmaður á vegum Leigumiðlunarinnar fer yfir íbúðina eftir hverja gesti.

Komutími: föstudaga kl. 14.00
Lyklar á skrifstofu Eflingar
Brottför: síðasta lagi kl. 12.00 föstudag.





Þægileg og rúmgóð stofa



Fremra svefnherbergi
með miklu skáplássi

Hans Hedtoftsgade



Horft úr borðstofu inn í stofuna



Nýttískueldhús með upphvottavél og fleiru



Badherbergi með sturtu og
stórum spegli meðfram vaskborði



Séð inní stofu og þaðan í annað svefnherbergið

Ravnsborggade



Borðstofa



Þetta er svefnherbergið inn af stofunni



Baðherbergi með sturtu



Séð yfir stofuna úr svefnherberginu





Efling-stéttarfélag vinnur fyrir þig

- Sterkari saman!

Nú lækka félagsgjöldin í

0,7%

frá og með 1. janúar 2008


EFLING
STÉTTARFÉLAG

- stendur með þér

Mikilvægar tímasetningar

Gott er að geyma blaðið



Bátur á Íslandsbryggju - reyndar ekki sjófær en skemmtilegur samt

Umsóknir fyrir sumar 2008

Tekið er við umsóknum vegna orlofsdvalar í húsum/íbúðum Eflingar

– stéttarfélags til og með 28. mars nk. Umsóknir sem berast eftir þann tíma verða ekki teknar fyrir.

Úthlutun

Fyrsta úthlutun mun liggja fyrir 4. apríl. Staðfestingarbréf verða send út til þeirra sem fengu úthlutað í fyrstu umferð. Staðfesta þarf og greiða eigi síðar en til og með 14. apríl. Annars er lítið svo á að viðkomandi ætli ekki að taka bústaðinn. Önnur úthlutun liggur fyrir 18. apríl og þá fá allir bréf hvort sem þeir fengu úthlutað eða synjun. Greiðslufrestur hjá þeim er til og með 28. apríl.

Fyrstu kemur – fyrstur fær

Enginn biðlisti

Eftir að aðal- og endurúthlutun hefur farið fram og greiðslufrestur er liðinn þá liggur frammi á skrifstofu Eflingar – stéttarfélags listi yfir allar lausar vikur sumarið 2008. Félagsmenn geta komið á skrifstofuna **mánudaginn 5. maí** og bókað þær vikur sem eru lausar. Hægt verður að fylgjast með á heimasíðu Eflingar www.efling.is hvort eitthvað losni í sumar en uppfært er vikulega. Greiðslufrestur er 3 dagar frá bókun orlofshúss. Punktur eru dregnir frá að fullu yfir orlofstímabilið þó viðkomandi bóki orlofshús með stuttum fyrirvara.

Mikilvægar tímasetningar 2008 !!!

29. feb	Páskar 2008	Síðasti greiðsludagur
3. mar	Sumarferð innanlands Papey og Snæfellsnes	INNRIÐUN hefst kl. 8:15
6. mar	Sumarferð erlendis Kanada	INNRIÐUN hefst kl. 8:15
19. mar	Kanada	Staðfestingargjald hjá Guðmundi Jónassyni
28. mar	Sumar 2008	Síðasti dagur umsókna
2. apr	Papey og Snæfellsnes	Síðasti greiðsludagur
4. apr	Sumar 2008	Úthlutun
14. apr	Sumar 2008	Síðasti greiðsludagur
18. apr	Sumar 2008	Önnur úthlutun
28. apr	Sumar 2008	Síðasti greiðsludagur 2. úthlutunar
5. maí	Fyrstur kemur - fyrstur fær	
5. maí	Kanada	Fullgreiða ferðina
3. jún	Kaupmannahöfn	Skráning hefst fyrir haustið 2008
11. ágú	Vetrarleiga 2008	Skráning hefst fyrir vetur 2008/9
11. ágú	Kaupmannahöfn	Skráning hefst fyrir jan. – maí 2009

Vakin er athygli á því að í öllum skráningum sem fram fara á skrifstofu ganga þeir fyrir sem fyrstir mæta þegar skrifstofan opnar kl. 8.15 og fá afhent númer.

Þegar þú ferð í orlofshús.....

Minnisblaðið þitt...

Komutími - brottför

Leigutaka ber að vitja lykla á auglýstum tíma! Ef þið tefjist er alveg nauðsynlegt að láta umsjónarmann vita. Að öðrum kosti er ekki hægt að tryggja lyklaafhendingu!

Viðkomandi símanúmer koma fram á leigusamningi.

Leigutaki ber ábyrgð á húsinu og öllu sem því fylgir. Skal hann þrifa vel eftir sig þ.m.t. ísskáp, eldavél, bakaraofn og örbylgjuofn, skápa, salerni og grill og skúra gólf. Einnig þrifa heita potta ef þeir eru. Stilla skal ofna á 1 - 2, loka gluggum og hurðum vandlega, skila lykli á sinn stað og taka rafmagnstæki úr sambandi. Komið ábendingum og athugasemdum til umsjónarmanna eða á skrifstofu Eflingar.

Húsbúnaður

Orlofshús og íbúðir Eflingar eru með svipuðum búnaði, ætluð fyrir 5 til 10 manns eftir stærð. Öll eldhúsahöld eru til staðar, ísskápur, eldavél og örbylgjuofn. Sængur og koddar, barnastóll og barnarúm, sturta, svo og sjónvarp, útvarp og kola- eða gasgrill.

Orlofshúsin eru sameign okkar, göngum um þau af alúð og sóma. Ef einhverju er ábótavant varðandi umgengni eða viðskilnað fyrri gesta vinsamlega látið þá umsjónarmann eða skrifstofu félagsins vita áður en nokkuð er aðhafst. Ef vanhöld eru varðandi þrif getur komið til þess að húsið verði þrifið á kostnað síðasta leigutaka.

Leigutaki þarf að hafa með sér handsápu, handklæði, diskapurrkur, borðtuskur og salernispappír. Einnig lín utan um sængur og koddar og lók.

Öllum húsum Eflingar fylgja efni til þrifa, uppþvottalögur og burstar, gólfþega og wc hreinsir. Gólfþeglar og moppur eru til staðar svo og kústar og ryksuga.

Bannað!

Leigutakar nýti sjálfir ásamt fjölskyldum og/eða vinum hús sem þeir fá úthlutað. Framsal til annarra getur valdið því að viðkomandi félagsmaður verði útilokaður frá úthlutun framvegis. Það á einnig við ef leigutakar brjóta almennar reglur og skyldur sem þeir takast á hendur við leigu orlofshúsa.

Allt dýrahald er alfarið bannað í orlofshúsum Eflingar. Upp hafa komið alvarleg ofnæmistilfelli í kjölfar dýrahalds í húsunum. Brot á þessu varðar tafarlausri brottvísun úr húsinu.

Hafið samband

Hafi leigutaki einhverjar athugasemdir eða ef eitthvað vantar í húsin þá vinsamlegast látið umsjónarmenn á viðkomandi stað vita. Einnig er hægt að hafa samband við skrifstofu Eflingar-stéttarfélags í síma 510-7500 (Ólöf eða Sveinn).




Á GARÐSKAGA

er byggðasafn, veitingahús og tjaldstæði. Einstakt svæði til fuglaskoðunar. Í bænum eru einnig listasmiðjur, íþróttamiðstöð, sundlaug og 18 holu golfvöllur.




Hennar Háttign ehf. / www.hattign.is

KOMDU
ÚTÍ GARÐ

www.svgardur.is

Úthlutanir úr orlofssjóði

Punktafrádráttur samræmdur

Nú hefur öll þjónusta orlofssjóðs verið samræmd með þeim hætti að dregnir eru frá punktar af punktaineign félagsmanns vegna allra úthlutana úr sjóðnum.

Þetta er gert til að mismuna ekki þeim sem fá úthlutað orlofshúsi og hinum sem t.d. fara í utanlands- eða innanlandsferðir svo dæmi sé tekið. Að neðan má sjá hvert frádragið er fyrir

hverja úthlutun.

Reynt er að hafa frádragið í nokkuð réttu hlutfalli við það hvað hvert verðmæti er fólgið í viðkomandi úthlutun úr sjóðnum.

Punktafrádrag er með eftirfarandi hætti:

Dagsetningar:

	30/5 - 13/6	13/6 - 15/8	15/8 - 29/8
Minni hús Svignaskarði og pottlaus hús	48 punktar	72 punktar	48 punktar
Hvammur, Skarð og önnur hús með pottum	60 punktar	84 punktar	60 punktar
Akureyri og Kaupmannahöfn	60 punktar	84 punktar	60 punktar
Útanlandsferð	48 punktar		
Innanlandsferð	24 punktar		

Úthlutun orlofshúsa! - svona gerum við

Punktakerfi og úthlutanir

Tölvukerfið úthlutar þannig að öllum umsóknum er raðað eftir punktaröð, þ.e. þeir umsækjendur sem hafa flesta punkta eru efst í röðinni og svo koll af kolli.

Lífaldur ræður ef punktar tveggja eru jafnir þ.e. sá sem er eldri fær fyrst úthlutað. Kerfið les sig síðan í gegn um allar umsóknirnar og skoðar hvert val fyrir sig. Þeir sem ekki fengu úthlutað í fyrstu umferð fara sjálfkrafa beint á biðlista ásamt þeim umsækjendum sem hafa fengið úthlutað s.l. 2 ár páska/sumar.

Eftir fyrri staðfestingarfrest verður úthlutað aftur skv. sömu reglu á þær umsóknir sem eru á biðlista.

Svona safnast punktar

Punktar safnast þannig að fyrir tekjur sem nema allt að 40.000,- kr. á mánuði fæst 1 punktur, en 2 punktar á mánuði fyrir tekjur umfram þá upphæð. Hámarkssöfnun er 12 ár eða 288 punktar. Þegar 12 árum er náð fellur elsta árið aftan af og það nýja bætist við.

Félagsmenn á eftirlaunum og öryrkjar eiga sama rétt á að sækja um hús og aðrir félagsmenn.



Frá Húsafelli

Fyrstur kemur fyrstur fær !

Ef engin umsókn er um tiltekna viku eftir fyrri og seinni úthlutun, verður úthlutað skv. sérstakri auglýsingu óháð punktakerfi, þ.e. „Fyrstur kemur,


fyrstur fær“ og þá borgar sig að mæta tímanlega.

Í ár geta félagsmenn komið á skrifstofuna mánudaginn 5. maí og bókað þær vikur sem lausar eru.



13 HÓTEL ALLAN HRINGINN

1 ML Laugarvatn • 2 ÍKí Laugarvatn • 3 Skógar • 4 Vík í Mýrdal
5 Nesjaskóli • 6 Neskaupstaður • 7 Egilsstaðir • 8 Eiðar • 9 Stórutjarnir
10 Akureyri • 11 Laugarbakki • 12 Ísafjörður • 13 Laugar í Sælingsdal



PANTAÐU ALLAN HRINGINN Á HOTELEDDA.IS EÐA Í SÍMA 444 4000



BROSANDI ALLAN HRINGINN

„MJÖG ÞÆGILEGT AÐ GETA PANTAÐ Á NETINU. ALLT SEM Á ÞARF AÐ HALDA
OGNÓG AÐ GERA FYRIR KRAKKANA. GÓÐUR MORGUNMATUR OG SVO KEMUR
VERÐIÐ SKEMMTILEGA Á ÓVART.“

Veljum öryggi

- bæði heima og í fríinu



Hugsum við nóg út í það að rafmagn, eins sjálfsagt og það er í okkar daglega lífi, er einn stórvirkasti brennuvargur nútímans. Á hverju ári verða margir eldsvoðar sem eiga upptök sín í rafbúnaði. Stundum kviknar í vegna bilunar en oftast er um að ræða að gáleysi í umgengni við rafmagn valdi slysum eða íkveikju.

Flestir þeir eldar sem kvikna á heimilum eru útfrá rafmagni.

Ef hægt er að tala um hættulegustu tækin væri listinn svona:

Eldavélar eiga þátt í 23% af eldsvoðum.
Sjónvarpstæki í 20% tilfella.
Þvottavélar í 11% tilfella.

Langoftast eru orsakir raktar til rangrar notkunar, bilunar eða hrörnunar í búnaði.

Skoðum aðeins nánar þessa áhættuþætti og hvað skiptir helst máli þar.

Sjónvarpið

Sjónvarpið er u.þ.b. 20% orsakavaldur íkveikju af völdum rafmagns og því nokkrir hlutir sem vert er að hafa í huga.

Ef myndlampinn (túpan) nær að springa myndast mikill hiti og eldagnir skjótask

um allt, í fólk, húsgögn, gluggatjöld og annað sem fyrir er.

Erfitt getur reynst að koma handslökkvætæki að til að slökkva eldinn.

Þegar slökkt er á tækjunum með fjarstýringu, helst straumurinn áfram á því og brunahættan er því stöðugt fyrir hendi. Hættan er til staðar hvort sem tækin eru ný eða gömul.

Þitt eftirlit!

Sjónvörp virka líkt og ryksugur. Þau draga að sér rykagnir úr andrúmsloftinu sem setjast í rafbúnað tækisins. Þetta

getur valdið skammhlaupi og síðan íkveikju. Góð regla er að láta hreinsa sjónvörpin reglulega.

Slökktu alveg á sjónvarpi eftir notkun. Notaðu ekki aðeins fjarstýringuna til að slökkva.

Gott ráð er að láta yfirfara gömul raftæki sem safna í sig ryki og minnka þannig hættu á bruna vegna skammhlaups.

Eldavélin

Eldavélabrunar eru nokkuð algengir og má yfirleitt koma í veg fyrir þá. Í flestum tilvikum er um að kenna gleymsku og aðgæsluleysi við matseld eða umgengni við eldavélar – sem sagt okkur sjálfum.

Alltof mörg dæmi eru um eldsvoða vegna þess að pottur eða panna hefur verið skilin eftir á heitri hellu meðan athyglin beinist að öðru, til dæmis símanum, börnunum eða sjónvarpinu.

Þín aðgæsla!

Með því að temja sér eftirfarandi umgengnisvenjur má að mestu komast hjá hættu á eldavélabrunum:

Farðu aldrei frá heitri hellu.

Haltu hreinu – feiti á helluborði eða viftu er eldsmatur.

Sýndu varúð við djúpsteikingu – olían brennur ef hún ofhitnar.

Mundu að eldhúsið er ekki leikvöllur – börn geta kveikt á hellu.

Mundu eftir að slökkva á eldavélinni strax eftir notkun.

Rétt viðbrögð draga úr tjóni!

Ef eldur verður laus eru rétt viðbrögð fyrir öllu. Hafðu þá eftirfarandi í huga:

Ef byrjar að rjúka úr olíu á að draga pottinn strax yfir á aðra hellu, eldur er við það að kvikna.



Rétt handbrögð með eldvarnateppið



Svíf þú inn í svefninn

RB-rúm

Hágæðarúm á góðu verði.
Smíðuð eftir þínum óskum.

Íslensk hönnun – Íslensk framleiðsla



Hágæða sælurúm

Nolterúm



Þessi geysi vinsælu rúm eru mjög fullkomin með **nuddi og þráðlausri fjarstýringu** sem hefur minni fyrir hinar ýmsu stillingar.

Margar stærðir og mismunandi stífleikar á springdýnum.



Þýsk hágæðarúm sem fást í nokkrum stærðum. Þau eru með fjaðrabotni eða lyftirúmi og eru með nettri fjarstýringu.

Opið alla virka daga frá kl. 8–18 og á laugardögum frá kl. 10–14.

RB-rúm Dalshrauni 8 220 Hafnarfirði Sími 555 0397 rbrum@rbrum.is www.rbrum.is

RB
RÚM
Stofnað 1943

Notaðu eldvarnateppi til að slökkva eldinn – alls ekki nota vatn á olíu.

Kerti og kertaskreytingar

Falleg kertaljós setja skemmtilegan svip í skammdeginu og eru þau jafnan mikið notuð þegar dvalið er í sumarbústöðum. Algenzt er hins vegar að mikið tjón geti orðið af völdum kerta og kertaskreytinga og því er nauðsynlegt að umgangast þau af mikilli varúð.

Sú einfalda regla gildir í því sambandi að aldrei á að yfirgefa herbergi þar sem logar á kerti!

Úrval kerta er fjölbreytt og hafa sum þeirra reynst varhugaverð, til dæmis kerti sem eru húðuð með gylltu eða silfurlit-uðu efni því dæmi eru um að kviknað hafi í húðunarefninu.

Mjög vinsæl til daglegra nota eru hin svokölluð sprittkerti, en þau eru síður en svo hættulaus.

Allt of mörg dæmi eru um að þau séu sett beint á borð eða aðrar muðlar og brenni hreinlega gat í yfirborðið.

Aldrei má kveikja á slíkum kertum öðruvísi en hafa öruggt ílát undir.

Þín aðgæsla!

Kerti brenna mishratt – fylgstu með brennslutímanum.

Veldu kertastjaka úr hitaþolnu efni og gætið þess að kertið sé vel skorðað í stjakanum.

Húsgagnið sem kertastjaki eða kerta-skreyting stendur á verður að þola hita og vera stöðugt.

Hafðu aldrei kerti þar sem trekkur er og gætið þess að hafa ekki logandi kerti í gluggakistu þar sem gluggatjöld blakta.

Börn eiga aldrei að vera ein í herbergi þar sem logar á kerti.

Logandi kerti á ekki að standa ofan á raftæki.

Mundu að fara aldrei frá logandi kertaljósi.

Slökkvitæki - eldvarnateppi

Stöku sinnum fréttum við af því að fólk kemur í veg fyrir óbætanlegt tjón með réttum viðbrögðum og notkun slökkvitækis.

Lítill eldur getur á stuttum tíma orðið að stóru báli ef ekkert er að gert. Slökkvitæki og eldvarnateppi ættu þess

vegna að vera til á öllum heimilum og að sjálfsgöðu einnig í öllum sumarhúsum. Við val á slökkvitæki þarf að hafa í huga hvernig aðstæður eru og hvað gæti brunníð. Best er að leita til viðurkenndra söluaðila við val og afla þar nauðsynlegra upplýsinga. Tækinu skal svo valinn áberandi staður á vegg í flóttaleið þar sem það er öllum vel sýnilegt t.d. sem næst útgönguleið. Ekki fela tækið þótt þér finnst óþryði af því. Slökkvitæki eru hrein augnayndi miðað við brunarústir. Ef eldur uppgötvast í tæka tíð er oft hægt að ráða niðurlögum hans með handslökkvitæki eða eldvarnateppi, allt eftir því sem við á hverju sinni.

Öflugar eldvarnir bjarga mannlífum. Reykskynjarar, eldvarnateppi og slökkvitæki ættu að vera til staðar á hverju heimili og sumarhúsi, staðsett þar sem við á.

Reyndu aðeins að slökkva viðráð-anlegan eld – annars forða sér, loka dyrum og hringja í 112.



Einnig er nauðsynlegt að kunna skil á slökkvitækinu ef á þyrfti að halda.

Öryggisnúmer eru á öllum orlofshúsum Eflingar sem fólk notar ef gefa þarf upp staðsetningu, t.d. vegna slyss.

Öll meðferð elds kostar sérstaka aðgæslu, hvort sem um er að ræða grill, kertaljós eða einfaldlega reykingar.

Meðferð opins elds í umhverfi húsanna er alfarið bönnuð!

Sýnum fyllstu aðgæslu og fyrirhyggju, þá eru meiri líkur á því að sumarfriið verði áfallalaust og allir komi heilir heim!

Öryggi til staðar!

Það sem máli skiptir ef óhapp ber að höndum

Góð regla er þegar komið er í orlofshús til lengri eða skemmri dvalar að kynna sér vel staðsetningu slökkvitækja, bruna-

útganga, neyðarnúmer og annað sem að gagni gæti komið ef óhapp ber að höndum.

Reykskynjarar eru lífs-nauðsynleg tæki í öllum húsum og hafa löngu sannað gildi sitt. Aldrei má taka rafhlöður úr þeim nema setja nýjar í staðinn eða láta umsjónaraðila eða skrifstofu félagsins vita. Munið að þessi smátæki hafa skipt sköpum og jafnvel bjargað mannlífum. Þess vegna verða þau að virka rétt.



Efling union summer 2008

For your summer vacation?

Beautiful places in Iceland

Efling has 47 holiday houses all around the country and also if you rent trailer-tents/campers at Fasteignaleigan ehf you can get a refund of 7.000,-. Everything is included in the houses, such as a refrigerator, stove, kitchen appliances, television, duvets, pillows as well as cleaning equipment. Guests bring their own towels, dishcloths, rags, duvet covers, sheets, toilet paper and hand soap.

Efling has rented 3 apartments in the center of Copenhagen only 15 minutes walk from The Tivoli Gardens. You can read about these new possibilities and also contact Efling offices and homepage for further information.

Those members renting holiday houses take full responsibility for the houses, furniture and everything that comes with them. The holiday houses are to be returned in good, clean condition. If that is not done the cleaning will be charged to the person that has rented it. During the wintertime it is possible to rent a holiday house over a weekend or a whole week, depending on what suits each and everyone. Each member can book one holiday house in advance.

For the summer and winter period holiday houses need to be applied for within the advertised period.

Applicants are allotted houses by a special system which is based on a number of months that a person has paid union dues during the last 12 years.

First come - first serve

If no applications are for a particular week after the first and second distribution, the holiday houses will be distributed according to a special advertisement regardless of the point system. Those interested need to come to the union's office on **May 5th** and first come, first serve basis applies.

Efling organises trips in Iceland this summer

This summer Efling is offering trips for members of the union. Two trips are planned for this summer and one daytrip in September to a place closer to Reykjavík. You can read about these offers in this paper. If you are interested do not hesitate to call the Efling office for further information.

Eina sólarvörmin sem er skráð læknisfræðileg

PRODERM

SUNSCREEN

6 klukkutíma sólarvörn

Vörmin er virk strax
☺

Gefur fallegan endingargóðan sólbrúnan lit. **UVA** ★★ ★★ **MAX**

Engin fituáferð. Vörmin þolir í 6 klst. svita, sand og sjó.

SPF 6 12 20 30 After sun

www.celsus.is

PRODERM
SUNSCREEN FOR KIDS
UP TO 6 HOURS
PROTECTION
30
MOUSSE
NON GREASY - WATER & TOWEL RESISTANT
IDEAL FOR SENSITIVE SKINS

Fæst í apótekum og fríhöfninni



Utanlandsferð sumarið 2008!

Nova Scotia í Kanada

Það er spennandi ferð í vændum fyrir þá félagsmenn Eflingar sem ætla að ferðast með okkur í sumar. Ferðin liggur til Nova Scotia í Kanada. Þetta er í fyrsta skipti sem farið er í Eflingarferð út fyrir Evrópu.

Fyrri ferðin er 5.-12. júní og sú seinni 12.-19. Júní og eru báðar ferðirnar eins. Innifalið í verði er flug, flugvallaskattar, gisting, morgunverður, kvöldverður, allar skoðunarferðir, íslensk fararstjórn og akstur.

1. dagur Flogið með Icelandair til Halifax, höfuðborgar Nova Scotia fylkis, og lent þar klukkan 20:15. Ekið að Hotel Citadel, þar sem gist verður í 3 nætur.

2. dagur Farið í viðamikla skoðunarferð um Halifax, borgar sem á sér litríka sögu og menningu.

3. dagur Frjáls dagur í Halifax. Þar er nóg að sjá og verzanir nægar. Þar er einnig elsti bændamarkaður í Kanada en hann er einmitt opinn á laugardögum.

4. dagur Ekið frá Halifax og komið við í fiskimannapörpinu Peggy's Cove. Þaðan er síðan haldið til White Point Beach Resort, þar sem gist verður næstu 4 nætur.

5. dagur Farin „Vitaleiðin“ eftir Suðurstroind Nova Scotia um sögulega staði í fögru landslagi. Meðal annars er stansað í Lunenburg, sem er borg á Heimsminjaskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

6. dagur Frjáls dagur á White Point Beach.

7. dagur Gönguferð um Kedjímukjök þjóðgarðinn. Þjóðgarðurinn er við

Atlantshafið og þar er að sjá breiðar sandstrendur, klettamyndanir og fjöl-skrúðugt dýralíf. Nesti verður tekið með.

8. dagur Ekið til Halifax og síðdeginn eytt þar áður en haldið er út á flugvöll og flogið heim. Lent í Keflavík klukkan 05:15 næsta morgun.

Innritun hefst á skrifstofu Eflingar 6. Mars n.k. kl. 8:15 og ganga þeir fyrir sem fyrstir mæta.

Ferðin kostar kr. 85.000,- fyrir félagsmann en kr. 95.000,- fyrir maka eða ferðafélaga ef hann er ekki í Eflingu. Aukagjald fyrir eins manns herbergi er kr. 31.900,-.

Greiða þarf staðfestingargjald fyrir 19. mars og greiða þarf ferðina að fullu í síðasta lagi þann 5. maí.

VEIÐI HÖLLIN

ALLT Í VEIÐINA

Veðiðhöllin - Suðurlandsbraut 4 - 108 Reykjavík - Símar 533 1115 - 893 7654 - www.veidihollin.is

■ EIGI HÖFUM VÉR KVENNA SKAP - TEKIÐ HEF ÉG HÉR HVOLPA TVO EÐA HVAÐ SKAL VIÐ GERA? - NÁIÐ ER MEÐ AUGUM ■

EIGI FELLUR TRÉ VIÐ FYRSTA HÖGG

FÖGUR ER BLIÐUR

GJÓLDGI? RAUÐAN BELG FYRIR GRÁMAN

TRÖLL EIGI SÍMA VINI

■ BER ER HVER AÐ BAKI MEÐNA SÉR BRÓÐUR EIGI ■

AUKIST ÞAÐA ÞEÐUR VANDRÆÐIN KERLING

MIÐIÐ ÞEÐILL ÞANNA

SKAÐAÐA STUND VORÐUR ÞÖND HÖGGI FEGIN

LÝGUR GADOMINN GEISA

■ KÖLD ERU KVENNA KAO ■

VELKOMIN Í SÖGUSETRIÐ!



Á Njáluslóð:

Ný og mikið endurbætt sýning um víkingaöld og Njáls sögu, nú með hljóðleiðsögn á þremur tungumálum.

Gallerí Ormur:

Fjölbreyttar og skemmtilegar sýningar mánaðarlega.
9. feb. – 16. mars.
Þetta vilja börnin sjá – myndskreytingar úr íslenskum barnabókum.

Kaupfélagssafnið:

Skemmtilegt safn um sögu verslunar á Suðurlandi, m.a. kaupfélögin á Selfossi, Hellu, Rauðalæk og Hvolsvelli.



Upplýsingamiðstöð ferðamanna.



**SÖGUSETRIÐ
HVOLSVELLI**

SÍMI 487-8781 GSM 895-9160 NET: njala@njala.is VEFUR: www.njala.is

Sumaropnun alla daga kl. 9-19 · Vetraropnun um helgar kl. 13-17
Aðrir tímar samkvæmt samkomulagi



Orlofsávísunin út Gisti- og afsláttarmiðar inn!

Nú hefur verið tekin ákvörðun um það að hætta útgáfu orlofsávísana, að minnsta kosti um sinn.

Fimm ár eru nú síðan þær komu til sögunnar hjá félaginu og má áætla að um það bil 2.500 félagsmenn hafi nýtt sér þær á þeim tíma.

Þær breytingar verða nú að samið hefur verið við Fosshótelin og Edduhótelin um afslátt á gistingu fyrir félagsmenn. Fyrirkomulagið verður þannig að félagsmenn kaupa gistimiða á skrifstofu Eflingar á þeim kjörum sem samið hefur verið um.

FOSSHÓTEL

Fosshótelin eru 14 talsins og staðsett um allt land.

Þar verður hægt að kaupa miða í gistingu fyrir tvo í tveggja manna herbergi með sér baðherbergi ásamt morgunverði á kr. 7000.- nóttina.

Aukagjald greiðist á háannatíma, **það er júlí og ágúst kr. 4.000.-** fyrir herbergi og greiðir hver og einn gestur það í gestamóttöku á staðnum.

Fyrir aukarúm greiðist kr. 3.300.- (eitt

barn undir 12 ára fær frítt í herbergi með foreldrum)

Við bókun verður að taka fram að greitt sé með gistimiða!

Fosshótelin eru staðsett á eftirtöldum stöðum:

Reykjavík: Fosshótel Baron, Lind og Suðurgata

Vesturland: Reykholti

Norðurland: Áning Sauðárkróki, Dalvík, Laugar og Húsavík

Austurland: Hallormsstaður, Vatnajökull og Skaftafell

Suðurland: Mosfell, Hengill og Nesbúð
Allar nánari upplýsingar er hægt að fá á www.fosshotel.is



Edduhótelin eru 13 talsins hringinn í kringum landið.

Gistimiðar þar fyrir tvo í tveggja manna herbergi með handlaug í eina nótt munu kosta kr. 5.700.-

Ekki er innifalinn morgunverður en hægt að kaupa hann á kr. 900.- á mann.

Hægt er að fá aukadýnu fyrir börn án

endurgjalds.

Sé gíst í herbergi með baði greiðist aukagjald kr. 4.400.- á herbergi.

Sé gíst í herbergi með baði á Hótel Eddu Plus er aukagjald kr. 6.100.- Þau eru á Akureyri, Stórutjörnum, Laugum í Sælingsdal og Vík. Þar eru herbergi með baði, sjónvarpi og síma.

Edduhótelin eru staðsett á eftirfarandi stöðum:

Vesturland: Laugar í Sælingsdal

Vestfirðir: Ísafjörður

Norðurland: Laugarbakki, Akureyri og Stórutjarnir

Austurland: Eiðar, Egilsstaðir, Neskaupsstaður og Nesjaskóli

Suðurland: Laugarvatn, Skógar og Vík í Mýrdal

Nánari upplýsingar um hótelin má fá á heimasíðunni www.hoteledda.is og í síma 444 4000

Hvalfjarðargöng

Nú um nokkurt skeið hafa verið seldir afsláttarmiðar í Hvalfjarðargöngin á skrifstofu Eflingar.

Hefur það mælst vel fyrir enda um verulegan afslátt að ræða á stakar ferðir. Mikið er einmitt um að félagsmenn sem eru á leið í sumarhús félagsins á Vesturlandi nýti sér þennan möguleika.

Verð á hverja ferð er kr. 540.- og sparast þannig kr. 720.- fram og til baka í göngin!

ERT ÞÚ GÓÐ FYRIRMYND?



Börn sem alast upp við reykingar á heimilinu eru þrisvar sinnum líklegri til að byrja sjálf að reykja



RÁÐGJÖF
Í REYKBINDINDI

800 6030

Skráðu þig á gagnvirku heimasíðuna **reyklaus.is**



LÝÐHEILSUSTÖÐ

Snæfellsnes

Á jökulinn í snjótroðara



Snæfellsjökull yst á Snæfellsnesi er 1.446 metrar yfir sjó og er í röð formfegurstu jökla á Íslandi. Jökullinn er gamalt eldfjall, er hið efra mjög reglulega löguð eldkeila og hafa í toppgíg hans, sem nú er að vísu hulin jökli, ýmist orðið sprengigos eða hraungos enda eru hliðar fjallsins huldar braunstraumum sem runnið hafa í sjó fram á nær allri strandlengjunni frá Arnarstapa til Hellissands. Gígskálin í toppi jökulsins er um 200 m djúp, girt íshömrur. Á barmi skálarinnar rísa þrír tindar eða þúfur, Jökulþúfur. Er miðþúfan hæsti tindur jökulsins. Hún er mjög torkleif án hjálpartækja.

Jökullinn er nú um 11 km² en var um síðustu aldamót 22 km². Hann er auðveldur uppgöngu og er oftast gengið á hann frá Arnarstapa. Á hesta tindinn er fjögurra klukkustunda meðalgangur. Fyrst var gengið á Snæfellsjökul 1. júlí 1754 og það gerðu þeir Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson. Þeir fóru frá Ingjaldshóli og voru 8 klukkustundir á leiðinni upp. Þótti þessi ganga hin mesta fífldirfska.

Snæfellsjökull drottinnar í útsýn um allt Snæfellsnes, á Breiðafirði og suður um Faxaflóa. Svæðið um vestanvert nesið er löngum kalla „Undir Jökli“.

(texti tekinn úr Landið þitt Ísland)

Seinni sumarferðin er á Snæfellsnesið 4.-6. júlí.

Fyrsta daginn verður farið um sunnanvert Snæfellsnesið og ekið til Ólafsvíkur og gist þar báðar næturnar. Á öðrum degi verður farið upp á Snæfellsjökul í snjótroðara og á snjósleðum. Síðan verður næsta nágrenni skoðað. Á þriðja degi verður farið um norðanvert Snæfellsnesið og komið við á völdum stöðum eins og t.d. í Bjarnarhöfn.

Lagt verður af stað frá Sætúni 1, föstudaginn 4. júlí kl. 8:15 stundvíslega.

Innifalið í ferðinni er akstur, leiðsögn, gisting á Hótel Ólafsvík, morgunverðir og kvöldverðir. Ferðalangar þurfa að hafa með sér nesti fyrir hádegishressingu.

Innritun í ferðina hefst **3. mars**, kl. 8:15, á skrifstofu Eflingar-stéttarfélags, Sætúni 1.

Ferðin kostar kr. 20.000,-

Dagsferðir næsta haust

Dagsferðir Eflingar verða í september eins og vanalega. Þær verða auglýstar síðar.



Handritin – saga handrita og hlutverk um aldir



SÝNINGAR Á ÖLLUM HÆÐUM



Surtsey – jörð úr ægi



Þjóðmenningarhúsið – The Culture House
National Centre for Cultural Heritage
Hverfisgötu 15, 101 Reykjavík
Sími 545 1400, www.thjodmenning.is
Opíð daglega kl. 11.00 – 17.00

Fjölbreyttar þemasýningar tengdar menningararfi þjóðarinnar. Leiðsögn á íslensku og ensku. Nemendaheimsóknir. Bækur, tónlist og myndlistarsýning í verslun. Veitingar á virkum dögum.



Mjóifjörður

– og náttúrskoðun í Papey

Farið verður út í Papey og í Mjóafjörð 26.-29. júní.

Fyrsta daginn verður ekið til Djúpavogs og gíst þar í tvær nætur. Á öðrum degi verður farið út í Papey og eyjan skoðuð undir leiðsögn fróðra manna. Á þriðja degi verður farið í Mjóafjörð hann skoðaður og síðan ekið að Laugum í Reykjadal. Á fjórða degi er haldið heim.

Papey er um 2 ferkílómetrar að stærð og 58 metrar yfir sjó og heitir þar Hellisbjarg. Eyjan er austur af Hamarsfirði og nú í eyði. Eyjan er vogskorin, víðast girt lágum björgum. Nokkrar smærri eyjar eru umhverfis aðaleyjuna. Út í eina þeirra, Eiði, er farið í kláfferju. Stærsta eyjan er Arnarey og í hana var farið í kláfrá Eiðinu.

Núverandi kirkja var reist árið 1902 og einnig er þar viti sem reistur var 1922.

Eyjan er mishæðött og víðast mýrlend. 124 tegundir æðri plantna hafa fundist í Papey. Mótekja er þar mikil. Allmikið af fugli heldur sig í björgum eyjarinnar. Þar er æðarvarp.

Heimildir eru um írska munkka, papa, er dvalist hafi í Papey um það leyti sem Ísland fannst frá Skandinavíu. Eftir þeim heitir eyjan.

Lítið hefur fundist í Papey af fornminjum sem merkilegar mega teljast, að undanteknum nokkrum brotum úr litlum trékrossum sem fundust við uppgroft árið 1927. Sumarið 1972 gróf dr. Kristján Eldjárn þar upp bæ frá 10. öld.

Um einn ábúandann er sagt að hann hafi grætt ógrynni fjár en ekki getað unnt neinum auðefanna eftir sinn dag og þess vegna grafið gullið í jörð.

(texti tekinn úr Landið þitt Ísland)

Lagt verður af stað frá Sætúni 1, fimmtudaginn 26. júní kl. 8.15 stundvíslega.

Innifalið í ferðinni er akstur, leiðsögn, gisting á Hótel Framtíðin, Djúpavogi og á Laugum í Reykjadal, morgunverðir og kvöldverðir. Ferðalangar þurfa að hafa með sér nesti fyrir hádegishressingu.

Innritun í ferðina hefst **3. mars**, kl. 8:15, á skrifstofu Eflingar-stéttarfélags, Sætúni 1.

Ferðin kostar kr. 30.000,-



Séð yfir Papey

FERÐAMENN

Tökum öll þátt í sjálfsagðri umhverfisvernd.

Hirðum um umhverfið hendum ekki verðmætum.

Flestar drykkjarvöruumbúðir eru skilagjaldskildar.

Skilagjaldið, fæst endurgreitt við móttöku umbúðanna hjá Endurvinnslunni hf., eða hjá umboðsmönnum hennar um land allt.



ENDURVINNSLAN HF



Gengið í fjörunni við Vík í Mýrdal

Dyrhólaeyjarferðir



Sjó- og landferðir

Upplifið einstakar ferðir um Dyrhólaeyjarsvæðið
á hjólabáti - í návígi við stórbrotna nátturu og fjölbreytt fuglalíf.
Förum með stóra og smáa hópa eftir samkomulagi.

Upplýsingar í síma 487 8500 & 893 6800 www.dyrholaey.com

EKKI DEYJA ÚR ÞREYTU



LEGGÐU ÞIG Í 15 MÍNÚTUR

Sýfja er talin geta verið jafn hættuleg öikumönnum og ölvun við akstur. Á árunum 1998–2006 létust 16 manns í 10 umferðarslysum þar sem öikumenn sofnuðu undir stýri.

Það sem helst ber að varast:

- Skortur á gæðasvefni.
- Akstur á þeim tíma sólarhringsins þegar fólk er vant að sofa.
- Svefntruflanir, t.d. ómeðhöndlaður kæfisvefn.*
- Vaktavinnufólki er hættara við að sofna undir stýri en öðrum.

Fimmtán mínútur eru ekki langur tími en getur haft úrslitaáhrif á það hvort líf þitt verði lengra. Ef þú finnur fyrir syfju við akstur leggðu þá bílnum á öruggum stað og hvíldu þig í u.þ.b. 15 mínútur.

Farðu inn á **www.15.is** og kynntu þér málið!

*Kæfisvefn er sjúkdómur sem veldur því að fólk sofnar með litlum fyrirvara. Hægt er að greina hann með svefnrannsókn. Sjá nánar á www.15.is



UMFERÐARSTOFA

Sumargetraun fjölskyldunnar

Takið þátt og þið getið unnið 15.000.-



Á leið í Landmannalaugar

Ef þið svarið eftirfarandi 11 spurningum/setningum rétt, mynda upphafsstafirnir í svörunum orð yfir eitthvað sem fáir hafa sennilega upplifað en er ekki langt frá!

Rétt svör við spurningunum er að

finna í greinum í þessu orlofsblaði, þau fara ekki fram hjá neinum ef grannt er skoðað.

Sendið rétt svör til Eflingar - stéttarfélags, Sætúni 1, 105 Reykjavík fyrir

1. júlí 2008. Dregið verður úr réttum úrlausnum og einn heppinn þátttakandi fær verðlaun að upphæð kr. 15.000,-

Verður ekki einfaldara, góða skemmtun!

1. Gott er að geyma _____

Svar: _____

2. _____ er gamalt eldfjall

Svar: _____

3. _____ dýrahald er alfarið

bannað í orlofshúsum Eflingar

Svar: _____

4. _____ eru lífsnauðsynleg tæki

Svar: _____

5. Slökktu alveg á sjónvarpinu eftir _____

Svar: _____

6. Hver er fyrstur!

Svar: _____

7. Tölvukerfið úthlutar þannig að

öllum umsóknum er _____ ...

Svar: _____

8. Leigutaki þarf að hafa með sér _____

Svar: _____

9. _____ til staðar!

Svar: _____

10. _____ þurfa að hafa með sér nesti.

Svar: _____

11. Alls ekki _____ vatn á olíu

Svar: _____

Sumargetraun Eflingar - stéttarfélags 2008

Nafn: _____


Heimili: _____

Kennitala: _____

Lausnarorð:

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11

Sími: _____



SPENNANDI FERÐAÁR FRAMUNDAN

Í ár bjóðum við freistandi ferðir til 24 áfangastaða austan hafs og vestan, upplifun og ævintýri við allra hæfi og framúrskarandi og persónulega þjónustu.

NÝR ÁFANGASTAÐUR – TORONTO

Við viljum vekja sérstaka athygli á nýjum áfangastað, Toronto í Kanada, sem bætist við leiðakerfið í maíbyrjun. Toronto er mögnuð og heillandi stórborg og þar að auki tilvalinn áfangastaður fyrir þá sem vilja heimsækja byggðir Vestur-Íslendinga í Manitoba eða t.d. skoða Niagarafossa.

MORGUNFLUG TIL NEW YORK OG BOSTON

Í sumar bjóðum við morgunflug auk síðdegisflugs til tveggja áfangastaða í Bandaríkjunum. Flogið verður kl. 10:30 til Boston fjórum sinnum í viku og á sama tíma til New York tvisvar í viku.

+ Kynnið ykkur ferðamöguleikana í nýja ferðabæklingnum, Mín borg.





Styttu þér leiðina í draumafrið

með notkun Vildarkorts
VISA og Icelandair

Þú færð Vildarkort VISA og Icelandair í öllum bönkum og sparisjóðum.

Punktaðu niður ferðalagið. 10.000 Vildarpunktar gilda
sem 6.000 kr. greiðsla upp í fargjaldið.

Vildarpunktarnir eru fljótir að safnast þegar þú notar Vildarkort
VISA og Icelandair. Á hverju ári ferðast þúsundir Íslendinga
með því að nota Vildarpunktana sína.

+ Kynntu þér málið á www.vildarklubbur.is



Vildarklúbbur